

Fimmtudaginn 18. febrúar 1988.

Nr. 208/1987. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Axel Þórarni Þorsteinssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Líkamsárás. Þjófnaður. Endurkrafa. Skaðabætur. Skilorðsbinding.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1987 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvaldsins til þyngingar refsingar.

Sakarefnin eru tvö. Í fyrsta lagi er ákærða gefið að sök að hafa ráðist að lögreglumanni við skyldustörf, sparkað í hægri síðu hans og tekið hann hálstaki aftan frá og haldið honum þar til aðrir lögreglumenn komu honum til hjálpar. Hlaut lögreglumaðurinn af þessu áverka, eins og lýst er í ákæru. Í öðru lagi er honum gefið að sök að hafa stolið peningum frá systur sinni. Systirin hefur fallið frá kæru og bótagreiðslum.

Þeir gallar eru á rannsókn fyrri sakarinnar að engar skýrslur hafa verið teknar af fólki því, sem handtekið var með ákærða þann 10. apríl 1985, um upphaf handtökunnar og árás ákærða hvorki hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins né fyrir dómi. Þá hefur ekki verið aflað vættis lögreglumannsins Steinars Birgissonar, sem samkvæmt framburðum annarra lögreglumanna hefur verið í aðstöðu til að fylgjast með árásinni.

Þá var ekki gætt ákvæða 4. mgr. 61. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 53/1979 við yfirheyrslu ákærða hjá rannsóknarlögreglu 13. desember 1986. Hefur því játning ákærða við þá yfirheyrslu og samþykki hans á greiðslu bóta ekki sama gildi sem annars. Ákærði bar í dómi fyrir sig minnisleysi en véfengdi þó ekki að hafa sparkað í lögreglumanninn og hafa síðar lent í átökum við hann. Þykir því með framburðum lögreglumanna, sem á vett-

vangi voru, svo og læknisvottorði sök ákærða nægilega sönnuð þrátt fyrir annmarka á rannsókninni.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er varðar sakarmat og heimfærslu til refsíakvæða um fyrri lið ákæru. Þá ber með skirskotun til hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann að því er varðar síðari lið ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- „1985 10/4 í Reykjavík. Sátt: 300 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
- 1985 31/8 í A-Skaft. Sátt: 700 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
- 1985 27/12 í Reykjavík. Dómur: 3 mán. fangelsi skb. 3 ár og 10.000,00 kr. sekt f. brot g. 259. gr. hgl. og 25. gr. umfl. Svíptur rétti til ökuleyfis 6 mán. frá 27.12. 1986.
- 1985 27/12 í Reykjavík. Sátt: 16.000,00 kr. sekt f. brot g. 25., 26. og 37. gr. umfl. Svíptur rétti til að öðlast ökuleyfi 12 mán. frá 27.12. 1985.
- 1986 13/12 í Reykjavík. Dómur: 30.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. og 27. gr. umfl. Svíptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 13.12. 1986.
- 1987 24/4 í Reykjavík. Dómur: 7 mán. fangelsi f. brot g. 1. mgr. 106. gr., 1. mgr. 218. gr. og 244. gr. hgl. Dómur 27.12. 1985 dæmdur með.
- 1987 23/7 í Reykjavík. Dómur: 1 mán. fangelsi f. brot g. 155. gr. hgl. Hegningarauki.“

Dómur 24. apríl 1987 er héraðsdómur sá sem hér er áfrýjað.

Pegar sakaferill ákærða er skoðaður nánar kemur í ljós að sátt 10. apríl 1985 stafar frá sama atburði og fyrri liður ákæru þessa máls, og að sá atburður gerðist áður en hann hlaut skilorðsbundinn dóm þann 27. desember 1985. Brot samkvæmt dómi 23. júlí 1987 átti sér einnig stað fyrir þann dóm. Hvorugt þessara brota er því rof á skilorði þess dóms. Brot samkvæmt síðari lið ákæru er hins vegar rof á skilorði dóms frá 27. desember 1985. Ber því nú að ákvarða refsingu ákærða í einu lagi fyrir framantalin brot, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. 1. nr. 22/1955 og þykir hún hæfilega ákveðin með hliðsjón af framansögðu, loka-

málgrein 256. gr. almennra hegningarlaga og 77. gr. sömu laga fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði hefur ekki setið í fangelsi áður og eftir að hann framdi þjófnaðarbrot gagnvart systur sinni hefur hann leitað sér lækninga við drykkjusýki. Hann er nú í atvinnu og hefur ekki fallið til fyrra horfs. Þykir því mega skilorðsbinda refsingu hans á þann hátt sem í dómsorði greinir.

Eins og fram kemur í héraðsdómi hefur ríkislögmaður með bréfi dagsettu 24. mars 1987 lagt fram skaðabótakröfu á hendur ákærða fyrir hönd fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs. Stafar krafan frá líkamstjóni og miska, sem lögreglumaðurinn Pétur Sveinsson varð fyrir samkvæmt fyrra ákærulið. Með samkomulagi 22. desember 1986 greiddi ríkislögmaður f.h. fjármálaráðherra Pétri í bætur og innheimtulaun samtals 959.715,00 krónur og leysti þannig til sín bótakröfuna. Samkvæmt samkomulaginu var bótakrafa sundurliðuð þannig:

„Örorkubætur:

Tekjutjón skv. útr. 7/11 1986	kr.	1.143.200,-
35% frádr. v/hagr. eingr. ofl.	—	400.120,-
Helmingur af tryggingabótum áður greiddum af Alm. Tryggingum, v/viðbótartryggingar Landssamb. lögreglum.	—	67.974,-
Höfuðstóll bóta til greiðslu nú	kr.	675.106,-
Vextir 10/4 '85 - 10/1 '87 (27,18%)	—	183.494,-
Miskabætur	—	50.000,-
Útlagður kostnaður	—	7.000,-
Innheimtulaun af höfuðstól 725.106,- skv. gjaldskrá LMFÍ	—	44.115,-
Skaðabætur og innh.laun alls	kr.	915.715,-“

Í héraði var ákærði dæmdur til að greiða fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 959.715,00 krónur ásamt dómvöxtum frá 14. janúar 1987 til 14. apríl 1987 og dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hér er krafist staðfestingar þess dóms. Staðfesta má hinn áfrýjaða dóm að því er varðar skaðabótaskyldu ákærða. Ákærði er ekki

bundinn af því samkomulagi, sem ríkislögmaður gerði við Pétur Sveinsson. Taka ber tillit til þess að Pétur er lögreglumaður í föstu starfi hjá ríkinu. Þegar framanritað útreiknað tjón er virt svo og miski, frádráttur venju samkvæmt athugaður, hliðsjón höfð af áður fengnum greiðslum Péturs og reiknað með útlögðum kostnaði hans, þykir rétt að gera ákærða að greiða fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 500.000,00 krónur vegna greiðslna hans til Péturs með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá útgáfudegi ákæru 9. mars 1987 til 14. apríl 1987 en með hæstu innlánsvöxtum samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og málsvarnarlaun, og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Axel Þórarinn Þorsteinsson, sæti fangelsi í 7 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 500.000,00 krónur með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá 9. mars 1987 til 14. apríl 1987, en með hæstu innlánsvöxtum samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eiga að vera öröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð 35.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 35.000,00 krónur.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. apríl 1987.

Ár 1987, föstudaginn 24. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp

dómur í sakadómsmálinu nr. 282/1987: Ákærvaldið gegn Axel Þórarni Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms 10. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 9. mars sl. á hendur ákærða Axel Þórarni Þorsteinssyni verkamanni, áður að Yrsufelli 9, nú að Ránargötu 6A í Reykjavík, fæddum þar í borg 24. júlí 1963.

Í ákærunni segir að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir eftirgreind brot:

#### I.

Fyrir brot gegn valdstjórninni og líkamsárás með því að hafa aðfaranótt 10. apríl 1985 við veitingahúsið Hollywood, Ármúla 5, Reykjavík, í lög-reglubifreið, sem ákærði hafði verið færður í, ráðist á Pétur Sveinsson lögreglumann sem var að sinna öðrum handteknum manni í bifreiðinni, sparkað í hægri síðu hans og tekið hann hálstaki aftan frá og haldið honum þar til lögreglumenn komu Pétri til hjálpar. Afleiðingar árásarinnar urðu þær að Pétur hlaut áverka á þremur rifbeinum með myndun brjóskhnúts á geislunga- og rifjabogamótum og hlaut af þessu langvarandi eymsli framantil á brjósthóli og var óvinnufær í nokkrar vikur.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

#### II.

Fyrir þjófnað með því að hafa að kvöldi 19. desember 1986 stolið kr. 26.000,00 af Aðalheiði Björgu Þorsteinsdóttur að þáverandi dvalarstað sínum að Miðstræti 22 í Vestmannaeyjum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

#### III.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

*Málavextir eru þessir:*

#### I.

Aðfaranótt miðvikudagsins 10. apríl 1985 klukkan 1:21 var óskað skjótrar aðstoðar lögreglunnar í Reykjavík að veitingahúsinu Hollywood við Ármúla vegna ölvaðra manna sem hefðu þar í frammi óspektir. Héldu þrír lögreglumenn á vettvang, en síðar komu þeim til aðstoðar fjórir lögreglumenn í viðbót.

Þegar lögreglumennirnir komu fyrst á vettvang voru þrír menn og ein kona á tröppum hússins, öll talsvert ölvuð. Einn mannanna var ákærði Axel Þórarinn Þorsteinsson og annar hinna faðir hans.

Í anddyri hússins voru dyraverðir sem sögðu að fólkið hefði neitað að yfirgefa staðinn og heimtað að fá að komast inn þrátt fyrir að búið væri að loka. Þá sögðu dyraverðirnir að ákærði og faðir hans hefðu sparkað í dyrnar, en engar skemmdir hlotist af. Voru greinileg skóför á dyrunum. Lögreglumennirnir báðu fólkið að hverfa á brott, en það fékkst ekki til þess. Leiddi þetta til handtöku ákærða og föður hans og síðar hinna tveggja sem reyndu að hindra handtöku þeirra feðga.

Eftir að ákærði hafði verið færður inn í lögreglubifreið fyrir utan húsið fékk hann æðiskast inni í bifreiðinni og sparkaði í Pétur Sveinsson lögreglumann sem þar var staddur að gæta fanganna. Leitaði Pétur á Slysadeild Borgarspítalans næsta dag og segir svo í vottorði Hauks Árnasonar læknis á deildinni, dagsettu 27. júní sl. um áverka Péturs:

„Þann 10/4 1985 kl. 16:20 kom í Slysadeild Bsp. maður sem kvaðst heita ofanskráðu nafni. Hann greinir svo frá að fyrr sama sólarhring hafi hann fengið spark vinstra megin framan til í brjósthol í átökum sem áttu sér stað í skemmtistaðnum Hollywood hér í borg aðfarnótt þessa dags.

Pétur segist þarna hafa verið að störfum sem lögreglumaður. Dofnaði fyrst upp, en klst. seinna fór að bera á vaxandi verkjum í brjóstholi sem aukast við að anda djúpt að sér og hefur ekkert lagast frá því að fyrst fór að bera á verkjunum.

Við skoðun kemur í ljós að þreifeymsli eru framan til á brjóstholi yfir VI. - VIII. rífi. Mikil óbein eymsli á þessum stað. Lungnahlustun er eðlileg að því leyti að góð loftfylling er á báðum lungum. Tekin var rtg.mynd af brjóstholi Péturs og á þeim myndum kemur fram að lungun eru fremur grunnt innönduð. Engin merki komu fram um sköddun á lungum eða lungnasekk eða miðmætti. Engin pneumothorax. Rifbrot sáust ekki á þessari lungnamynd. Talið var þó að Pétur hafi fengið rof á rif á áður-nefndum stöðum, en eymslin voru fram undir geislungamótum og þar sjást ekki áverkar á rifbeinum, þar sem að tenging milli geislunga og rifja eru brjóskkenndir og gefa því ekki skugga á rtg.mynd.

Pétur fékk lyfseðil á verkjalyf og ákv. að hann kæmi aftur til eftirlits ef óþægindi hans löguðust ekki.

Pétur kemur aftur til skoðunar í Slysadeild Bsp. þ. 18/6 1986. Við skoðun þann dag hefur Pétur enn verki í brjóstholi, bæði við djúpan andardrátt og eins við að snúa sér til, t.d. í rúminu á nóttunni, þá fær hann verk í rif framarlega, á mótum VI., VII. og VIII. rífs við geislunga og rifjaboga, bæði hægra og vinstra megin. Við þreifingu á ofanefndum stöðum er rúmlega þumalfingurgóms stór hnútur á geislunga- og rifjabogamótum við sérstaklega VIII. rif, og einnig nokkuð á VI. og VII. rífi, þó minna en á VIII. rífi, og er það fast við rífið og þreifeymsli á þessum stöðum. Meiri eymsli eru hægra megin en vinstra megin.

Rtg.mynd var tekin, en hún staðfesti ekki breytingar á þessum stað, sem ekki var við að búast, þar sem að þessi hluti tenginga rifja við rifjaboga er brjóskeerður þar til á gamalsaldri og sýnir því ekki skugga á rtg.-myndum. Þetta skýrir að ekki hefur sést á rtg. myndum breyting. Öll clinísk einkenni Péturs benda til þess að áverki hafi orðið á tengingu rifbeina við rifjaboga með myndun brjóskehnuts á áverkastaðnum, á geislungum og ofanefndum stöðum. Þetta er skýrt fyrir Pétri og ekki talin ástæða til frekari aðgerða, en viðbúið að einkenni hans fari smám saman minnkandi, þó það geti tekið allt að hálf t. ár, sem hann veit af áverkastaðnum. Gera verður ráð fyrir að einhver umbygging á brjóskehnutnum, þó að sennilega verði alltaf einhver mismið til staðar á þessum stað eftir þennan áverka.“

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna að árás ákærða.

Ákærði var fyrst yfirheyrður um málið af Rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 13. desember sl.

Ákærði kvaðst muna óljóst eftir umræddum atburði. Hann kvaðst hafa verið á umræddum veitingastað og drakk þar mikið áfengi. Þegar ákærði var kominn út mundi hann eftir því að hafa gleymt jakka sínum inni. Vildi hann komast inn til þess að sækja hann en fékk það ekki. Hafði ákærði þá uppi háreysti fyrir utan húsið ásamt fólki sem með honum var, og leiddi það til þess að lögreglan var kvödd á staðinn.

Ákærði kvaðst hafa farið af fúsum vilja inn í lögreglubifreiðina, en hins vegar hefðu lögreglumennirnir þurft að beita afli til að fá hitt fólkinn inn í hana. Þ. á m. hafi verið náungi nokkur sem lögreglumenn settu á gólf bifreiðarinnar, en hann var með mikil læti þótt hann væri í handjárnnum. Kvaðst ákærði muna óljóst að hann hafi sparkað í einn lögreglumannanna sem var að stumra yfir þessum manni á gólfinu. Gerði ákærði þetta fyrirvaralaust og án ástæðu. Eftir þetta var ákærði færður í handjárn eftir frekari átök í bifreiðinni.

Næst var ákærði yfirheyrður um málið við meðferð þess.

Ákærði kveðst nú ekki muna eftir því að hafa sparkað í Pétur Sveinsson lögreglumann aðfaranótt 10. apríl 1985 í lögreglubifreið fyrir utan veitingahúsið Hollywood í Reykjavík. Ákærði kveðst þó ekki vefengja að hann hafi gert þetta og í framhaldi af því lent í átökum við Pétur, en hann man ekki eftir því frekar en sparkinu.

Ákærði kveðst muna eftir því að hann hafi verið drukkinn fyrir utan veitingastaðinn umrætt sinn. Þá man hann að hann ætlaði þangað inn til að sækja leðurjakka sem hann hafði gleymt. Ákærði man að hann lenti í einhverjum átökum fyrir utan veitingahúsið. Hann man ekki eftir að hafa verið settur inn í lögreglubifreið. Ákærði kveðst hafa verið með föður sínum og systur í þetta skipti.

Ákærði segir að það hafi verið af taugaveiklun og hræðslu sem hann

hafi játað sparkið og átökin hjá rannsóknarlögreglunni í desember sl., er honum var sagt fyrir hvað hann væri kærður.

Vitnið Pétur Sveinsson lögregluflokksstjóri, Heiðnabergi 11 í Reykjavík, kveðst hafa verið sent í útkall að Hollywood umrætt sinn ásamt tveim starfsbræðrum sínum, Ægi og Karli. Þegar þeir komu á vettvang voru fjórar persónur að berja á útidyrnar með einhverju barefli. Var allt fólkið áberandi ölvað, en um var að ræða ákærða, föður hans, Þorsteinn Snorra Axelsson, Pétur Jónsson og systur ákærða Aðalheiði Björgu Þorsteinsdóttur.

Vitni kveðst hafa gengið að fólkinu ásamt starfsbræðrum sínum, en þá hafi ákærði og faðir hans sett sig í slagsmálstellingar og gert sig líklega til þess að verjast handtöku. Gekk þá vitnið að ákærða og færði hann mótþróalaust inn í lögreglubifreiðina. Settist ákærði á bekkinn hægra megin svo til upp við aftasta bekkinn í bifreiðinni, en vitnið settist andspænis honum. Nokkru síðar komu félagar vitnisins með Pétur Jónsson í handjárnnum fyrir aftan bak, og var hann lagður á gólfið á magann. Sneri höfuð hans lítilliga inn undir aftari þverbekkin. Enn nokkru síðar var faðir ákærða settur inn í bifreiðina handjárnaður fyrir aftan bak. Settist hann á gólfið flötum beinum aftast í bifreiðinni.

Eftir að karlmennirnir þrír voru komnir inn í lögreglubifreiðina, kom Aðalheiður Björg að afturdyrum bifreiðarinnar og öskraði og hrópaði. Á sama tíma tók Pétur að berja höfði sínu við járnlopp aftara þversætis í lögreglubifreiðinni. Beygði vitnið sig þá niður til þess að taka um höfuð Péturs til að hindra það að hann skaðaði sig með framangreindum hætti. Setti vitnið hægra hné á gólfið til þess að athafna sig betur við að halda höfði Péturs. Sá þá vitnið út undan sér hvar ákærði dró að sér hægri fót og sparkaði um leið í hægri síðu vitnisins sem gat ekki vikið sér undan sparkinu og kastaðist með vinstri síðu að bekknum sem vitnið hafði áður setið á. Strax á eftir sparkinu stökk ákærði aftan á bak vitnisins og tók það hálstaki aftan frá og herti fast að. Fann vitnið að ákærði mundi hengja það á svipstundu og stóð því upp úr fyrri stellingu og reyndi að velta ákærða yfir öxlina á sér niður í aftara þversætið. Tókst þetta um það leyti sem vitnið var að missa allan kraft. Lá þá vitnið með brjóstið yfir sætisbak-  
ið, en ákærði hélt enn um háls þess og var sjálfur allur kominn ofan í sætið. Kom þá vitnið Magnús Gunnar Arneson, starfsbróðir vitnisins, því til hjálpar, en hann var nýbúinn að loka hliðarrennihurð á hægri hlið bifreiðarinnar. Eftir þetta komu fleiri lögreglumenn og handjárnuðu ákærða.

Vitnið dofnaði upp við sparkið, en um klukkan 3 um nóttina breyttist þreytuverkur í brjosti í mikinn verk, og vitninu varð óglatt. Varð vitnið að leggjast fyrir, og um klukkan 4:30 um nóttina var það flutt heim, en vakt þess átti ekki að ljúka fyrr en klukkan 6 um morguninn.

Vitnið kom á vakt næsta dag en varð að fara á Slysadeild um klukkan 16:00 þar sem það var orðið viðþolslaust í verkjum um allan líkamann og þó mest í hægri síðu.

Vitnið Ægir Ellertsson lögreglumaður, Breiðvangi 7 í Hafnarfirði, kveðst hafa verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar sem send var að Hollywood umrætt sinn. Fóru þeir allir þrír úr bifreiðinni að fólkinu. Fór Pétur Sveinsson með ákærða inn í bifreiðina, en vitnið og Karl handtóku Pétur Jónsson og Þorstein Snorra og færðu þá í handjárnnum inn í bifreiðina. Nutu þeir aðstoðar lögreglumanna úr umferðardeild sem einnig voru komnir á vettvang, við handtökuna. Vitnið settist að þessu loknu undir stýri, og voru þá komnir á staðinn enn fleiri lögreglumenn. Komu lögreglumennirnir Magnús Gunnar og Hans upp að hægri hlið bifreiðarinnar um það leyti sem átökin upphófust eða voru byrjuð. Þegar vitnið heyrði að átök voru byrjuð, sneri það sér við í öikumannssætinu og sá ákærða á baki Péturs. Vitnið sá ekki upphaf átakanna. Um þetta leyti komu Hans og Magnús Gunnar inn um hliðardyrnar og Karl fór fram eftir bifreiðinni, allir Pétri til aðstoðar. Náðu þeir síðan ákærða af baki Péturs, lögðu hann í sætið á aftari þverbekknunum, og þar handjárnuðu Hans og Magnús Gunnar ákærða.

Vitnið Karl Hjartarson lögreglumaður, Þverbekku 2 í Kópavogi, kveðst strax við komuna á vettvang hafa lent í átökum við Aðalheiði Björgu, sem ærðist og hafði í hótunum um líkamsmeiðingar áður en lagðar voru á handa hendur til þess að handtaka hana. Veitti Aðalheiður Björg afsakplega mikið viðnám, en hún var lögð á gólfid í lögreglubifreiðinni. Varð þá vitnið fyrir sparki sem kom á hægri vanga. Var þetta mikið högg svo að e.t.v. vankaðist vitnið eitthvað við þetta. Ekki veit vitnið með vissu hvort það var ákærði eða Pétur Jónsson sem sparkaði í það. Þegar vitnið fékk sparkið sat Pétur vinstra megin í bifreiðinni á langbekk og ákærði skáhalt á móti honum. Á gólfinu á milli þeirra lá Pétur Jónsson og þar fyrir aftan voru Þorsteinn Snorri og Steinar Birgisson lögreglumaður sat aftarlega á vinstri hliðarbekk.

Þá kveðst vitnið hafa séð hvar ákærði sparkaði af öllu afli í hægri síðu aftarlega á Pétri Sveinssyni, þar sem hann kraup yfir Pétri Jónssyni. Kastaðist Pétur Sveinsson við sparkið á brún sætis þess sem hann hafði setið á og strax á eftir réðst ákærði aftan á Pétur Sveinsson og tók hann hálstaki. Á meðan á þessu stóð átti vitnið í átökum við Aðalheiði Björgu og sá því ekki hvernig ákærði var losaður af baki Péturs.

Vitnið vill ekki fullyrða hvort það sjálf fékk sparkið á undan eða eftir að Pétur Sveinsson fékk sparkið í síðuna.

Vitnið Hans Sigurbjörnsson lögreglumaður, Öldugranda 5 í Reykjavík, kveðst hafa verið ökumaður á lögreglubifreið sem í voru auk vitnisins tveir

aðrir lögreglumenn sem sendir voru til aðstoðar þeim þrem lögreglumönnum sem fyrstir voru sendir að Hollywood umrætt sinn.

Vitnið segir að fyrst þegar það kom að hliðardrym lögreglubifreiðarinnar, sem var komin á vettvang, hafi allt virst í lagi. Þegar vitnið var að snúa frá heyrði það að eitthvað var að gerast inni í bifreiðinni. Leit vitnið þá aftur inn og sá einn af föngunum í átökum við Pétur Sveinsson. Aðstoðaði vitnið við að taka ákærða af baki Péturs sem reyndi að koma honum af sér niður í sætið á aftari þverbekk bifreiðarinnar. Auk vitnisins voru þarna vitnin Karl og Magnús Gunnar sem einnig aðstoðuðu Pétur við að losna. Vitnið sá ekki upphaf átakanna né ákærða sparka í vitnið Pétur.

Vitnið Magnús Gunnar Arneson lögreglumaður, Vindási 3 í Reykjavík, kveðst hafa gengið úr lögreglubifreiðinni, sem það var í, að lögreglubifreiðinni, sem var komin á staðinn. Kom vitnið að hægri hliðarhurð og sá, að afturhurðin var opin. Á gólfinu lá maður handjárnaður. Pétur sat framarlega á vinstri hliðarbekk og gegnt honum ungur maður, sem virtist rólegur, með hendur í skauti. Aftan við Pétur var Karl lögreglumaður og fangi í handjárnnum hjá honum.

Vitninu virtist allt með eðlilegum hætti í lögreglubifreiðinni og sneri því frá henni og ætlaði að ganga yfir að hinni lögreglubifreiðinni. Hafði vitnið snúið sér við þegar það heyrði einhvern hávaða. Sneri það þá aftur að lögreglubifreiðinni og sá að ungi maðurinn, sem setið hafði gegnt Pétri, var kominn upp á bakið á honum. Stóð vitnið síðan að því ásamt tveim félögum sínum að draga manninn af baki Péturs, en hann hélt fast í hann og gat hann ekki losað sig einn. Vitnið kveðst ekki hafa séð aðdraganda árásar unga mannsins á Pétur.

Vitnið Stefán Líndal Gíslason lögreglumaður, Merkur götu 10 í Hafnarfirði, kveðst lítinn þátt hafa átt í handtökum á fólki því sem handtekið var umrætt sinn og sá ekki ákærða sparka í Pétur og sá lítið eða ekkert af því þegar verið var að losa hann.

Vitnið Steinar Birgisson kom á staðinn. Vitnið er hætt í lögreglunni og flutt af landi brott. Hefur því ekki verið tekin skýrsla af vitninu.

Björn Öundurson tryggingayfirlæknir hefur framkvæmt örorkumat á Pétri Sveinssyni, og í lok skýrslu hans um það dagsettri 2. september sl. segir svo:

„Ályktun.

Það er um að ræða tæplega fjórtíu og sex ára gamlan flokkstjóra í lögregluíði Reykjavíkur, sem hinn 10. apríl 1985 fékk mikið högg á brjóst-kassa, er sparkað var í hægri síðu slasaða þannig að hann féll við og skall með vinstri síðu á sætisbak. Slasaði leitaði þegar eftir slys þetta í Slysadeild

Borgarspítalans í Reykjavík, þar sem meiðsl slasaða voru könnuð og þar sem hann var til eftirlits um sinn.

Alveg óvinnufær vegna nefnds slyss er slasaði talinn hafa verið í um fjórar vikur og varanlega er hér um ofurlitla örorku að ræða.

Við komu á Slysadeild kvartaði slasaði um verk í brjóstholi við djúpa öndun, og við skoðun komu fram þreifiefmsli framan til á brjóstholi yfir VI. til VIII. rifs. Lungnahlustun var eðlileg, og röntgenmyndir sem teknar voru af brjóstholi sýndu hvorki brot á rifjum né heldur sköddun á innri líffærum brjóstholis.

Hér að framan hafa verið rakin þau atriði helst, sem slasaði nú kvartar um sem afleiðingu af nefndu slysi. Þetta verður ekki endurtekið.

Við skoðun finnst framan til á brjóstkassa nálægt geilsungamótum ca á móts við VII. til VIII. rifs veruleg eymsli á lófastóru svæði. Engar crepitationir eru merkjanlegar. Vinstra megin finnst ofurlítil callusmyndun yfir VII. rifi framan til en þar eru engin umtalsverð eymsli. Lungnahlustun er eðlileg sömuleiðis hjartahlustun. Við blóðþrýstingsmælingu kemur fram allnokkuð hækkaður blóðþrýstingur eða 190/110. Hér er þannig um tæplega fjórtíu og sex ára gamlan lögreglumann að ræða sem í nefndu slysi varð fyrir rifjabroti á tveim til þrem rifjum hægra megin. Callusmyndun er yfir VII. rifi vinstra megin, en ekki eru einkenni að öðru leyti frá því svæði. Miklar myosur eru yfir brjóstkassa hægra megin og við spirometriu-mælingu kemur fram nokkur skerðing, en að dómi Tryggva Ásmundssonar lungnasérfræðings er líklega ekki um lungnasjúkdóm að ræða. Erfitt er þó að fullyrða um þetta með öllu, en miklu líklegra verður að telja að hér sé um sköddun á ytra byrði að ræða, þ.e.a.s. afleiðingar eftir rifbrot, vöðvabólgu á intercostal- og pectoralvöðvum en einnig er hugsanlegt að um sköddun á nervi intercostales á þessu svæði geti verið að ræða. Langur tími er liðinn frá því að slys þetta bar að höndum og ættu venjuleg vöðvabólgu einkenni nú að vera horfin. Þannig sýnast nokkrar líkur á að um taugasköddun geti verið að ræða. Tíminn einn mun þó leiða það í ljós.

Auk þess sem að ofan greinir ber slasaði nú andlegar menjar eftir þetta slys. Hann er haldinn ákveðinni hræðslu við átök, og kann það að há honum verulega í starfi sem lögreglumaður. Ekki sýnist líklegt að breyting verði á þessu ástandi hér eftir.

Þannig hefur þessi tæplega fjórtíu og sex ára gamli lögreglumaður hlotið rifbrot í nefndu slysi, en auk þess vöðvabólgu og hugsanlega taugaskaða á nervi intercostales. Þar að auki ber slasaði nú andlegar menjar eftir nefnt slys.

Þar sem nú meira en ár er liðið frá því áður nefnt slys átti sér stað þykir eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir örorkan hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í fjórar vikur	100%
Eftir það í átta vikur .....	50%
Varanleg örorka .....	10%“

## II.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa að kvöldi 19. desember sl. stolið 26.000,00 krónum úr vasa á sumarfrakka systur sinnar, sem hékk í fataskáp á heimili hennar að Miðstræti 22 í Vestmannaeyjum, þar sem ákærði var dveljandi á þessum tíma. Ákærði kveðst hafa eytt meginhluta peninganna í drykkjuslark, en 3.902,00 krónur komust til skila þegar málið komst upp. Ákærði kveðst ekki hafa greitt systur sinni til baka það sem hann var búinn að eyða. Hún gerir ekki kröfur um bætur úr hendi ákærða.

*Niðurstöður.*

Með játningu ákærða hjá rannsóknarlögreglu, sem ákærði hefur fallið frá við meðferð málsins, en hún er studd framburði vitna, læknisvottorði og öðrum gögnum málsins, er sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í fyrri kafla ákærunnar og með þeim afleiðingum sem þar greinir, en þetta er rétt fært til refsíákvæða í ákær-  
unni.

Þá er sannað með játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, að hann hafi framið þjófnað þann sem honum er gefinn að sök í síðari kafla ákærunnar og þar er rétt færður til refsíákvæðis.

*Sakaferill ákærða.*

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1985 10/4 í Reykjavík. Sátt: 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
- 1985 31/8 í A-Skaft. Sátt: 700 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
- 1985 27/12 í Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, og 10.000,00 kr. sekt fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til ökuleyfis 6 mánuði frá 27.12. 1986.
- 1985 27/12 í Reykjavík. Sátt: 16.000,00 kr. sekt fyrir brot á 25. gr., 26. gr. og 37. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi 12 mánuði frá 27.12. 1985.
- 1986 13/12 í Reykjavík. Dómur: 30.000,00 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævi-langt frá 13.12. 1986.

*Refsing.*

Ákvarða ber ákærða refsingu með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga að því er varðar brot ákærða samkvæmt fyrri kafla ákærunnar, en það er ekki rof á skilorði dómsins frá 27. desember 1985. Að því er varðar brot ákærða samkvæmt síðari kafla ákærunnar er þar um að ræða rof á skilorði framangreinds dóms. Ber því að ákvarða ákærða nú refsingu í einu lagi fyrir öll brotin, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin með hliðsjón af framansögðu og 77. gr. almennra hegningarlaga fangelsi í 7 mánuði, sem ekki þykir fært að skilorðsbinda.

*Skadabætur.*

Eins og þegar er fram komið er ekki höfð uppi bótakrafa vegna yngra brotsins, en með bréfi ríkislögmans dagsettu 24. mars sl. er lögð fram skadabótakrafa í málinu fyrir hönd fjármálaráðherra á hendur ákærða vegna eldra brotsins. Í bréfi ríkislögmans segir svo m.a.:

„Málsatvik eru í stuttu máli þau að með bréfi Gylfa Thorlacius hrl., dags. 11. nóvember 1986, til ríkislögmans, fór hann þess á leit f.h. skjólstæðings síns, Péturs Sveinssonar lögregluþjóns, árársþola í umræddu sakadómsmáli, að ríkissjóður greiddi skjólstæðingi hans það tjón sem Pétur varð fyrir vegna líkamsárásar ákærða.

Þann 22. desember 1986 var undirritað samkomulag á milli ríkislögmans f.h. fjármálaráðherra og Gylfa Thorlacius hrl. f.h. Péturs Sveinssonar um heildargreiðslu úr ríkissjóði að fjárhæð kr. 959.715,00, vegna þeirrar líkamsárásar sem Pétur varð fyrir í starfi sínu sem lögregluþjónn af völdum ákærða.

Með bréfi þessu er gerð krafa á hendur ákærða um greiðslu þeirrar fjárhæðar sem ríkissjóður greiddi árársþola vegna árársinnar kr. 959.715,00 auk hæstu lögleyfðu vaxta frá 14. janúar 1987 til birtingardags ákæru, 23. mars 1987, og dómvaxta skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti fram að greiðsludegi. Einnig er krafist málskostnaðar að mati réttarins. Um sundurliðun kröfufjárhæðar vísast nánar til meðfylgjandi samkomulags, dags. 22. desember 1986.“

Umrætt samkomulag er á þessa leið:

„Undirritaðir aðilar fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Pétur Sveinsson nnr. 7114-8351, Heiðnabergi 11, Reykjavík, gerum með okkur eftirfarandi samkomulag um uppgjör bóta vegna tjóns er Pétur Sveinsson varð fyrir í starfi sínu sem lögreglumaður hinn 10. apríl 1985 af völdum árárs Axels Þ. Þorsteinssonar nnr. 0906-9178, Hverfisgötu 32b, Reykjavík, og af hlaust 10% varanleg örorka.

Skattstofa Reykjavíkur hefur staðfest að árársarmaðurinn, Axel Þ.

Þorsteinsson, er bæði tekju- og eignalaus. Skv. því og með vísan til 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn eru aðilar ásáttir um að ríkissjóður leysi til sín bótakröfu Péturs Sveinssonar á hendur Axeli Þ. Þorsteinssyni.

## Örorkubætur:

Tekjutjón skv. útr. 7/11 1986	kr.	1.143.200,00
35% frádr. v/hagr. eingr. ofl.	—	400.120,00
Helmingur af tryggingabótum áður greiddum af Alm. Tryggingum, v/viðbótartryggingar Landssamb. lögreglum.	—	67.974,00
Höfuðstóll bóta til greiðslu nú	kr.	675.106,00
Vextir 10/4 '85 - 10/1 '87 (27,18%)	—	183.494,00
Miskabætur	—	50.000,00
Útlagður kostnaður	—	7.000,00
Innheimtulaun af höfuðstól skv. gjaldskrá LMFÍ	—	44.115,00
Skaðabætur og innh.laun alls:	kr.	959.715,00

Með greiðslu á bótafjárhæðinni kr. 959.715,00 er að fullu lokið kröfum Péturs Sveinssonar á hendur ríkissjóði vegna ofangreinds slyss og felast í bótargreiðslunni tryggingabætur skv. kjarasamningum sem koma skulu til frádráttar skaðabótum er vinnuveitandi innir af hendi til launþega.

Öllu framangreindu til staðfestu rita aðilar nöfn sín hér undir.“

Framangreind greiðsla var send lögmanni Péturs Sveinssonar með bréfi ríkislögmanns 13. janúar sl.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur hefur metið örorkutjón Péturs Sveinssonar og í skýrslu hans dagsettri 1. nóvember sl. segir svo:

„Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Péturs voru vinnutekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið sem hér segir:

Árið 1982	kr.	267.734,00
— 1983	—	562.034,00
— 1984	—	621.368,00

Fyrsta árið eru tekjurnar mest frá Samvinnubankanum, en tvö seinni árin frá ríkissjóði. Þegar þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga fæ ég út árstekjur kr. 1.088.300,00 miðað við kaupgjald eins og það er nú.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekjutap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundradshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

	<i>Áætlaðar tekjur</i>	<i>Tekjutap</i>
1. árið eftir slysið	kr. 874.100,00	188.100,00
2. árið eftir slysið	— 1.068.200,00	106.800,00
Síðan árlega	— 1.088.300,00	108.800,00

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 115.600,00
Vegna varanlegrar örorku	— 1.143.200,00
Samtals	kr. 1.258.800,00

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 7. nóvember 1986 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (24% frá slysdegi til 10/5 1985, 22% frá 11/5 '85 til 28/2 '86, 12% frá 1/3 til 31/3 '86 og 9% frá 1/4 1986). Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu árána 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra launa í veikindum eða skatta.“

Verjandi ákærða hefur í umboði hans gert kröfu til þess að bótakröfunni verði vísað frá.

Þar sem í ljós er leitt að tjón hefur orðið af hinni refsiverðu háttsemi ákærða hvílir á ákærða bótaskylda. Bótakrafa fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs þykir nægilega rökstudd og sundurliðuð. Þykja því eigi efni til að vísa henni frá dómi og þykir bera að taka hana til greina og dæma ákærða til að greiða fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 959.715,00 krónur auk dómvaxta frá 14. janúar 1987 til 14. apríl 1987 og dráttarvöxtum sbr. 15. gr. og 21. gr. l. 25, 1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þar sem dæmt er um kröfuna í opinberu máli þykir bera að vísa frá kröfu um málskostnað vegna bótakröfunnar.

#### *Sakarkostnaður.*

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Axel Þórarinn Þorsteinsson, sæti fangelsi í 7 mánuði.  
Ákærði greiði fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 959.715,00 krónur

ásamt dómvöxtum frá 14. janúar 1987 til 14. apríl 1987 og dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1988.

Nr. 168/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**Árna Óla Friðrikssyni**

(Örn Clausen hrl.)

Manndráp. Tilraun til nauðgunar. Líkamsárás. Skilorðsrof.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 14. maí 1987 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Verjandi krefst þess aðallega að brot ákærða verði virt til viðurlaga eftir ákvæði 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og refsing lækkuð. Til vara krefst hann staðfestingar héraðsdóms að því er refsingu varðar. Jafnframt er þess krafist að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 18. september 1986 komi til frádráttar dæmdri refsingu.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 18. september 1986 komi til frádráttar refsingu hans, en frá þeim degi hefur ákærði sætt gæsluvarðhaldi óslitið.